

Íslenskur iðnaður




12. tölublað 16. árg.

Desember 2010

Samtök iðnaðarins

SI

*Samtök iðnaðarins
óska félagsmönnum sínum
og öðrum lesendum
gledilegra jóla, árs og friðar*



bls. 2



Er bjart yfir?

bls. 3



Iðning
2011
10. mars

bls. 5



Tækifærin
í fjárlaga-
frumvarpinu

bls. 8-9



bls. 11



Svans
prent
Svans-
vottað

Er bjart yfir?



Helgi Magnússon
formaður SI

Þótt raknað hafi úr ýmsum hnútum í efnahagslífi Íslendinga á árinu 2010 eigum við ennþá sorglega langt í land. Kreppan hefur staðið í tvö ár og fyrst um sinn verður hún ekki blásin formlega af. Ástæðan er sú að tíminn hefur verið notaður illa og í meginatriðum hefur verið fylgt rangri efnahagsstefnu. Í stað þess að standa fyrir djarfri vaxtarstefnu til að efla verðmætasköpun, vinna bug á atvinnuleysi og auka útflutningstekjur, hefur verið beitt harðri skattþriningarstefnu sem dregur mátt úr fólki og fyrir tækjum. Vantað hefur skýran vilja til að nýta náttúruauðlindir þjóðarinnar með markvissum og ábyrgum hætti. Þess í stað hefur tíminn farið í að deila um stefnumörkun varðandi nýtingu orkuauðlinda og fiskistofna.

Spyrja má hvort bjart sé yfir okkur Íslendingum. Tæplega verður því haldið fram af mikilli sannfæringu. Það væri mun bjartara yfir ef framsækinni uppbyggingarstefnu hefði verið fylgt síðustu tvö árin.

Leiðin út úr kreppunni liggur í gegnum markvissa verðmætasköpun. Verði henni ekki beitt munum við taka mörg ár í að fjalla um niðurskurð í opinberri þjónustu og hækkaðar skattþröskulur á minnkandi skattstofna. Á meðan mun kreppan einungis dýpka og kjör þjóðarinnar versna. Við munum þá einnig missa fólk og dýrmæta þekkingu úr landi og þá verður enn erfiðara að endurreisa Ísland.

Samtök iðnaðarins vilja vöxt og hraða endurreisn. Við vitum að það ólgar mikill kraftur í fyrirtækjum okkar og fólki innan iðnaðarins. Enn er mikill baráttuhugur og vilji til að vinna sig út úr vandanum. Í þeim anda hafa Samtökin efnt til átaks-

verkefnis sem snýst um að horfa fram á veginn og rífa sig upp úr svartnætti efnahagsmistaka og tímasóunar stjórnvalda.

Ár nýsköpunar

Hugmynd Samtaka iðnaðarins um Ár nýsköpunar hefur verið sérlega vel tekið, jafnt innan iðnaðarins sem og í öðrum atvinnugreinum og hjá samstarfsaðilum og stofnunum. Menn átta sig á því að nýsköpun er ekki bara bundin við sprotafyrirtæki eða hugverka- og tækniíðnað. Nýsköpun er að finna víðast hvar í atvinnulífinu. Hún þarf ekki að felast í því að innleiða nýjungar eða kynna uppfinningar heldur felst hún ekki síður í því að finna nýjar lausnir og bæta það sem fyrir er. Þetta gildir jafnt um framleiðsluvörur, þjónustu, tækni, aðferðarfræði, framleiðsluáferðir, stjórnskipulag eða verklag við framleiðslu, sölu og markaðssetningu.

Það er víða mikill kraftur í nýsköpunarstarfi iðnfyrirtækja þó slík starfsemi dragi ekki að sér mikla athygli. Fjölmíðlum þykir yfirleitt brýnna að fjalla um það sem úrskaiðis hefur farið. Hér eru nefnd nokkur dæmi um nýsköpunarverkefni:

Vélsmiðjan Héðinn er að þróa og smíða heila fiskimjölsværsmiðju sem kemst fyrir í einum gámi. Carbon Recycling International er að hefja rekstur verksmiðju sem breytir koltvísýringsútblæstri frá jarðvarmavirkjuninni við Svartsengi í metanól - fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Ölgerðin býður upp á sérframleiddan bjór í míkrobrugghúsi. Kaffitár framleiðir kaffibjór. Mjólkursamsalan hætti fyrir skömmu að hella milljónum lítra af próteinríki mysu í Eyjafjörðinn og

hóf að nota hana í fjörost og prótín-drykki. Marorka er tæknifyrirtæki sem vinnur að þróun tölvukerfa sem lágmarka olúnotkun skipa og sem dregur þar með úr mengun og eldsneytiskostnaði. Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas er með 10 þróunarverkefni í gangi árin 2008-2011 sem miða að betri endingu malbiks og umhverfisvernd. Vistvæn orka hefur unnið að þróun á gróðurhúsalömpum sem geta stórlega dregið úr raforkunotkun. Nox medical hefur þróað og sett á markað svefngreiningartæki fyrir börn og Genís hefur þróað tíma-mótaefni til bæklunarskurðlækninga. Hér hafa einungis verið nefnd dæmi um þá fjölbreyttu nýsköpun sem fram fer án þess að verðskulduð athygli hafi yfirleitt beinst að henni. Víða er unnið hörðum höndum að því að laga sig að breyttum aðstæðum og sækja fram á nýjan hátt. Hugmyndum er hrint í framkvæmd og breytt í verðmæti.

Losum okkur við draugana

Það er von mín að Íslendingum takist á nýju ári að losa sig við sem flesta af þeim draugum sem hafa truflað endurreisn efnahagslífsins. Nefna mætti: Skattþriningardrauginn, Icesavedrauginn, gjaldeyrishaftadrauginn og draugana sem hafa hamlað gegn hagkvæmri nýtingu auðlinda okkar sem er forsenda hraðrar endurreisnar Íslands.

Megi nýtt ár bera með sér betri tíð og jákvætt hugarfar nýsköpunar og vonar.

Samtök iðnaðarins óska lesendum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Nýir félagsmenn SI

Meniga ehf.
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Maggi Málari
Mýrarbraut 28
540 Blönduósi

SagaMedica ehf.
Akralind 2
201 Kópavogur

Límtré Vírnet ehf.
Borgarbraut 74
310 Borgarnes

Sláturhús KVH ehf.
Norðurbraut 24
530 Hvammstanga

Iðnþing 2011

verður helgað
Ári nýsköpunar

Iðnþing verður haldið á Grand Hóтели
Reykjavík fimmtudaginn 10. mars 2011 og
hefst með aðalfundi Samtakanna.

Dagskrá Iðnþings er í undirbúningi og verður
kynnt þegar nær dregur.

Árshófi Samtakanna verður haldið föstudaginn
11. mars í veislusalnum Gullteigi og hefst kl.
19:30 með fordrykk í boði SI.



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. tbl. 16. árg. Desember 2010
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 17.12.2010
Prentvinnsla: Prentækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, forsíða Ragnar Th. Sigurðsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði
í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast
beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Ný bók um trésmíði

IÐNÚ hefur gefið út kennslubókina Trésmíði – hönnun, útfærsla, verkskipulag. Í bókinni er fjallað um flest það sem trésmíði viðkemur og lögð áhersla á að sýna efni og útfærslur í þrívídd. Samtök iðnaðarins styrktu útgáfu bókarinnar.

Meðal atriða sem greint er frá eru: trésmíða-teikningar, grunnhönnun, teiknskript, málreglur og grunnatriði við teikningu sem og útfærsla fyrir handsníði og vélsníði á húsgögnum. Einnig er fjallað um innréttingar, raðsmíði, húshluta og milliveggi. Margvíslegt myndefni er í bókinni fyrir trésmíði og verkefnabanki fyrir nemendur.

Bókin hentar bæði til kennslu í iðn- og fjölbrautaskólum og fyrir atvinnulífið. Hana má líka nota til að rifja upp og þjálfa kunnáttu í tækniskólum og í mastersnámi. Bókin gagnast þeim sem búa sig undir smíðanámm upp á eigin spýtur og þeim sem leita svara við spurningum um hönnun og útfærslu smíðisgripa í sínu starfi.



Samtök álframleiðenda á Íslandi taka til starfa



Rannveig Rist, forstjóri Alcan, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðgjafi, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls, Aksel Jansen, Norðuráli, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa og Fjalar Ríkhartsson, Norðuráli.

Samtök álfyrirtækja á Íslandi tóku formlega til starfa 18. nóvember sl. en markmið samtakanna er að vinna að hagsmunum og framþróun íslensks ál-iðnaðar og að auka upplýsingagjöf um ál-iðnaðinn. Framkvæmdastjóri Samáls er

Þorsteinn Víglundsson. Þorsteinn er stjórnfræðingur frá Háskóla Íslands. Þorsteinn var áður forstjóri BM Vallá á árunum 2002-2010. Þar áður starfaði hann hjá Kaupþingi 1998-2002 og sem blaðamaður á viðskiptablaði Morgun-

blaðsins 1995-2008. Þorsteinn er kvæntur Lilju Karlsdóttur og eiga þau þrjár dætur.

Vefsetur Samáls er www.samal.is

Meiri hækkun á dreifingu en raforkuverði

Dreifing raforku hefur hækkað meira í verði en raforka frá árinu 2005, þegar samkeppni í orkusölu komst á. Þetta kemur fram í athugun sem Efla verkfræðistofa hefur gert fyrir Samtök iðnaðarins.


Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um þróun raforkuverðs á almennum markaði frá því raforkulögin tóku gildi í janúar 2005, en þá var samkeppni innleidd í raforkusölu. Kannað er verð í raforkusölu annars vegar og hins vegar flutningi og dreifingu. Níu fyrirtæki í iðnaði voru skoðuð og litið til gjaldskráa allra fyrirtækja sem eru starfandi á raforkumarkaði.

Í skýrslunni er bent á nokkur atriði um breytingar sem gætu verið til hagsbóta fyrir iðnfyrirtæki og aðra raforkunotendur.

- Tekjurammi dreifingar virðist veita dreifiveitum takmarkað aðhald þar sem verðþróun hefur verið mismunandi og verulegur munur er á gjaldskrá. Mikilvægt væri því að kanna hvort ekki sé hægt að virkja betur tekjurammann til veita meira aðhald að rekstri dreifiveitna.
- Dreifiveitur bjóða ólíka taxta og mismikinn sveigjanleiki varðandi val á taxta. Notendur geta ekki valið

dreifiveitu og eru því bundnir af gjaldskrá á sínu svæði. Í skýrslunni er spurt hvort samræma eigi taxta milli svæða.

- Mismunandi skilgreiningar eru á sölutoppum og slíkt gerir notendum erfitt fyrir með að bera saman kostnað á milli veitufyrirtækja sem hamlar samkeppni.
- Tímaháðir taxtar fyrir sölu á raforku og dreifingu spila ekki alltaf saman og þá er erfitt fyrir notendur að ná fram hagræðingu með því að hliðra til notkun. Það getur verið flókið að átta sig á því hvernig hagkvæmast er að haga notkuninni ef lægsta verðið er ekki á sama tíma í raforkusölu og í dreifingu.
- Mikill munur er á kostnaði við kaup á dreifingu á raforku milli þétt- og dreifbýlis vegna minnkandi vægis dreifbýlisframlags hins opinbera.
- Söluvirkni raforku hafa lagt áherslu á að leiðbeina notendum um hagstætt taxtaval bæði í raforkusölu og dreifingu. Notendur þurfa að vera vakandi fyrir þjónustu söluvirkjanna og nýta sér hana.
- Söluvirkni raforku birta ekki öll formlega gjaldskrár, nema orkutaxta sem litlir notendur nýta aðallega.



Það gerir samanburð á orkuverðum erfiðan.

Skýrsluna má nálgast á vef SI, www.si.is, undir umhverfis- og orkumálum.



Samhljómur um tækifærin í fjárlagafrumvarpinu



Í tilefni af verkefninu ÁR NÝSKÖPUNAR lufndu Samtök iðnaðarins og Hátækni- og sprotavettvangur til umræðufundar í lok Athafnavíku Innovits í nóvember, þar sem fjárlagafrumvarpið 2011 var rýnt með augum nýsköpunar.

Tilgangur fundarinnar var að skoða hvort ekki felist tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir mikinn niðurskurð.

Í framsöguerindum Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra SI, Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra og Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra kom fram sterkur samhljómur um að hægt væri að bæta þjónustu og ná meiri árangri fyrir minna fé en ella. Lykillinn að árangri væri skýr stefnumótun, aukið samstarf og samstaða um framkvæmd með heildarhagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi.

Frumkvæði, fjárfesting, farsæld

Orri Hauksson kynnti ÁR nýsköpunar og fjallaði um klasa og samstarfsvettvanga sem samstarfsform opinberra aðila og fyrirtækja samkvæmt aðferðafræði Michaels Porter. Ísland þarf á öllum kröftum að halda til að skapa nýja fram tíð á grunni nýsköpunar, verðmætasköpunar og aukins útflutnings þar sem frumkvæði, fjárfesting og farsæld verða höfð að leiðarljósi. Þess vegna er mikilvægt að við setjumst saman undir árar og byrjum að róa í sömu átt undir merkjum Árs nýsköpunar.

Einbeittur vilji til að gera eins vel og hægt er

Steingrímur J. Sigfússon, sagði í erindi sínu að nýsköpun fælist ekki alltaf í að

finna upp eitthvað nýtt heldur væri nýsköpun einnig fólgin í því að gera hlutina betur. Nefndi hann í því samhengi sérstaklega endurskipulagningu stofnana kerfisins og taldi t.d. mikil sóknarfæri liggja í nýju atvinnuvegamálaráðuneyti. Hann nefndi einnig ný skattalög sem snúa að umhverfismálum. Þá lagði hann áherslu á að úr fjárlagafrumvarpinu 2011 mætti lesa einbeittan vilja til gera eins vel og hægt er þrátt fyrir að ríkinu sé þröngur stakkur sniðinn.

Endurreisnarfjárlög ekki hrunsfjárlög

Árni Páll Árnason fjallaði m.a. um mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og vinna í samræmi við raunveruleikann. Hann sagði nýju fjárlögin vera endurreisnarfjárlög enda væru þau nauðsynlegur grundvöllur endurreisnar og liður í að ná tókum á aðstæðum, búa í haginn til að draga úr skuldsetningu. Skapa þurfi forsendur fyrir lægri verðbólgu og hagvexti á næstu árum.

Ný hugsun, nýjar leiðir, nýjar lausnir

Í pallborðsumræðu rýndu fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja, háskóla og stofnana í fjárlagafrumvarpið 2011 frá sjónarhóli nýsköpunar á sviði, orku-, heilbrigðis- og menntamála undir stjórn Davíðs Lúdvíkssonar hjá SI og Helgu Valfells, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra og Guðbjartur Hannesson, heilbrigðisráðherra, sátu í pallborðinu fyrir hönd stjórnvalda. Úr atvinnulífinu komu Svana Helen Björnsdóttir, frkvst. Stika, Sveinbjörn Höskuldsson, frkvst. Nox

Medical og Eyjólfur Guðmundsson, hagfræðingur hjá CCP. Fulltrúar háskóla og stofnana voru Ari Kristinn Jónsson, rektor í HR, Björn Zoëga, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru sammála um að frumvarpið feli í sér tækifæri til nýsköpunar. Nauðsynlegt sé að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustunni og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Þetta kallar á nýja hugsun, nýjar leiðir og nýjar lausnir. Með öðrum orðum það sem kallist nýsköpun. Leiðin að þessu marki lægi í klasasamstarfi, straumlínuhugsun og gegnum samkeppnissjóði. Hvatinn til frumkvæðis og samstarfs fælist í að færa fjármagn til nýsköpunar og þróunar úr föstum fjárlögum til stofnana í samkeppnissjóði þar sem forgangsriðun verkefna væri tengd árangurslíkum í formi verðmætasköpunar og gildis fyrir land og þjóð. Næstu skref væru því að færa fjármagn af föstum fjárlögum í samkeppnissjóði á borð við Tækniþróunarsjóð og Rannsóknasjóð, m.a. til að virkja samstarf á lykilsviðum s.s. á heilbrigðissviði, menntasviði og orkusviði í formi klasasamstarfs.

Sjá nánar á www.si.is

Hollur matur í skólum er fjárfesting til framtíðar



Samtök iðnaðarins stóðu fyrir málþingi um kröfur til skólamáltíða 23. nóvember síðastliðinn. Metaðsókn var að málþinginu, um 150 manns, einkum skólastjórnendur, stjórnendur mötuneyta, matvælaframleiðendur, foreldrar og fulltrúar sveitarfélaga. Tílefni þingsins var meðal annars að greina frá niðurstöðum norræns verkefnis sem samtökin hafa unnið að undanfarin tvö ár í samstarfi við Rannsóknarþjónustuna Sýni og Matís og hliðstæða aðila á hinum Norðurlöndunum með styrk frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni, NICE.

Samstarf mikilvægt

Skólamáltíðir hafa sætt töluverðri gagnrýni, sérstaklega af hálfu foreldra. Oft er gagnrýnin byggð á misskilningi og ónógum samskiptum. Skoðanir á því hvað fólk telur hollt eru skiptar og oft einstrengingslegar. Það er mjög mikilvægt að maturinn í heild sé næringarríkur og fjölbreyttur en það eitt og sér dugir ekki til að börnin borði, hann verður líka að vera bragðgóður og aðlaðandi fram borinn. Gott samstarf milli skólastjórnenda, starfsfólks mötuneytis, kennara, foreldra og nemenda skiptir miklu máli til að

koma jákvæðum breytingum til leiðar. Þá getur samstarf matreiðslumanna, matvæla- og næringarfræðinga, matvælaíðnaðar og innkaupaaðila leitt til þróunar á hentugum, hollum réttum fyrir skólabörn. Í slíku samstarfi þarf sjónarmið nemenda og foreldra líka að komast til skila.

Norrænt verkefni um skólamáltíðir

Markmið verkefnisins er að auka framboð hollra og girnilegra máltíða handa skólabörnum þar sem tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða. Í verkefninu var lagt mat á stöðu varðandi skólamáltíðir á Norðurlöndunum, vandamál greind og gerðar tillögur til úrbóta. Hér á Íslandi voru heimsótt fyrirtæki sem framleiða skólamáltíðir og skólaeldhús og haldnir umræðufundir þar sem komu saman fulltrúar sveitarfélaga, lýðheilsuyfirvalda, mötuneyta, framleiðslueldhúsa, rannsóknafólks og fræðsluaðila til að ræða um viðhorf til skólamáltíða, þörf á fræðslu og nýsköpun og þróun. Einnig var haldinn fundur þar sem sérstaklega var fjallað um útboð á matvælum fyrir skólamötuneyti. Í öllum löndum voru haldin málþing og sums staðar gerðar netkannanir. Niðurstöður verkefnisins byggja á þessu starfi sem verða gerð ítarleg skil í lokaskýrslu sem nú er í smíðum.

Fjölbreyttur og næringarríkur matur

Á málþinginu töluðu fulltrúar sveitarfélaga um matarinnkaup fyrir skóla, fulltrúi Lýðheilsustöðvar um leiðbeiningar til skólamötuneyta og fulltrúi Heimilis og skóla um sjónarmið foreldra. Mikill samhljómur var í öllum erindum sem kom einnig heim við niðurstöður norræna verkefnisins en áhersla var lögð á eftirtalda þætti.

- Fjölbætt samstarf tryggir bestu þekkingu við framkvæmd skólamáltíða og bætt samskipti eyða tortryggni
- Fjölbreytni matseðla og jákvætt viðmót starfsfólks hvetur börnin til að borða hollan mat
- Sameiginlegar máltíðir kennara og nemenda gefa tækifæri til að bæta aga, draga úr hávaða í matsal og nemendur fá leiðsögn um hollar matarvenjur og matarmenningu.
- Meginmarkmiðið er að börnin borði af ánægju fjölbreyttan og næringarríkan mat í skólanum



Aðalfundur SÍL haldinn hjá Orf Líftækni

Ný stjórn Samtaka íslenskra líftækniyrirtækja var kosin á aðalfundi félagsins á dögunum. Formaður samtakanna, Jóhannes Gunnarsson hjá Genís, situr áfram frá fyrra ári ásamt Ásu Brynjólfsdóttur hjá Bláa Lóninu heilsuvörum. Inn í stjórnina kemur Guðný Einarsdóttir hjá Roche NimbleGen í stað Jakobs K. Kristjánssonar hjá Prókatín sem setið hefur í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2004. Jakob starfaði sem formaður á fyrstu árum félagsins og voru honum þökkud vel unnin störf.

Í skýrslu stjórnar var farið yfir starfið á líðandi ári. Samtökin stóðu fyrir ýmsum fundum og þar bar hæst málstofa um einkaleyfi þar sem velt var upp gagnsemi einkaleyfa og hvað beri að varast. Málstofan var vel sótt og umræður voru gagnlegar. Einnig vakti athygli fundur norrænna fjárfesta á sviði líftækni en fundurinn var opinn fyrir félagsmenn SÍL og nokkur fyrirtæki kynntu þar starfsemi sína. Samtökin sinna ýmsum hagsmunamálum líftækniyrirtækja og komu m.a. að umsögnum um lagafrumvörp og reglugerðardrög á sviði erfðabreyttra lífvera og erfðabreyttra matvæla og fódurs.

Aðalfundur SÍL var að þessu sinni haldinn hjá Orf Líftækni. Fyrirtækið hefur vaxið á undanförunum árum, nú starfa þar um 40 manns og vörum Orf er vel tekið á markaði. Fundargestir kynntust einnig dótturyrirtækinu Sif Cosmetics. Fyrsta vara Sif Cosmetics á markaði, EGF BIOeffect húðdroparnir, hefur hlotið góðar viðtökur.

Bústólpi fær vottun til lífrænnar framleiðslu

Vottunarstofan Tún hefur staðfest að fyrirtækið Bústólpi ehf. uppfylli kröfur um lífrænar aðferðir við framleiðslu á kjarnfóðri. Vottorð þessa efnis var formlega afhent í vinnslustöð fyrirtækisins á Akureyri 14. desember.

Bústólpi ehf. er fyrsta sérhæfða kjarnfóðurfyrirtækið hér á landi sem hlýtur vottun til lífrænnar framleiðslu á kjarnfóðri.

„Þessi vottun hefur mikla þýðingu fyrir Bústólpa þar sem hún gerir fyrirtækinu kleift að þjónusta einnig þá vaxandi sprotagrein sem lífrænn landbúnaður er,“ segir Hólmgeir Karlsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Með vottun Túns er staðfest að Bústólpi ehf. noti viðurkennd hráefni við framleiðslu á hinu vottaða kjarnfóðri, að lífræn hráefni séu á öllum stigum vinnslu aðgreind öðrum eignum og afurðum, að aðferðir við úrvinnslu og blöndun samræmist reglum um lífræna framleiðslu, og að gæðastjórnun, skráningar og merkingar uppfylli settar kröfur.

Framleiðsla á vottuðu lífrænu kjarnfóðri er forsenda þess að búfjárrækt sem byggir að hluta eða öllu leyti á aðfengnum fóðurefnum geti tileinkað sér lífrænar aðferðir. Vottaðar lífrænar afurðir og náttúruafurðir hafa þá sérstöðu á markaði að allur ferill þeirra, frá ræktun eða söfnun hráefna, til þökkunar í neytendaumbúðir eða afhendingar í lausu, er undir eftirliti óháðs aðila, þ.e. vottunarstofu sem fylgist með því að uppruni og meðferð afurðanna sé í samræmi við alþjóðlegar og íslenskar kröfur um lífræna framleiðslu.

Vottunarstofan Tún hóf vottun lífræna afurða á Íslandi árið 1996 og í Færeyjum árið 2006. Síðan þá hafa yfir 80 bændur og fyrirtæki hlotið vottun. Auk þess vottar Tún nú framleiðslu átta fyrirtækja á náttúruvörum og aðföngum til lífrænnar framleiðslu.



Hundruð nýrra starfa

Hundruð starfa á næsta ári voru tryggð þegar ríkisstjórnin samþykkti 10. desember að hefja framkvæmdir við fjögur stór samgönguverkefni til viðbótar við hefðbundnar framkvæmdir Vegagerðarinnar sem unnar eru samkvæmt vegaáætlun. Störfin sem skapast hlaupa á hundruðum og má ætla að nær 500 manns þurfi til framkvæmdanna strax á næsta ári, en framkvæmdir þess árs eru áætlaðar fyrir rétt tæpa 6 milljarða króna. Alls á að verja 40 milljörðum króna til þessara verkefna á allra næstu árum.

„Þetta eru mikil gleðitíðindi fyrir iðnaðinn því verkefnaskortur hefur neytt verktakafyrirtæki til að draga stórkostlega úr starfsemi sinni,“ segir Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins um ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Verkefnin fjögur eru Suðurlandsvegur að Selfossi, Vesturlandsvegur að Hvalfjarðargöngum, Reykjanesbraut suður fyrir Straum og Vaðlaheiðargöng. Öll hafa þessi verkefni verið vegin og metin sem ábatasöm fyrir íslenskt samfélag. Traustar og öflugar samgöngur vega þungt í samkeppnishæfni þjóða og styrkir og eflir þessi ákvörðun samkeppnishæfni íslensks þjóðfélags til framtíðar.

„Samtök iðnaðarins fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja þessar framkvæmdir sem eru í senn mannaflsfrekar, sem ekki veitir af, en einnig og ekki síður að þær eru arðbærar og styrkja samkeppnishæfni íslensks samfélags í framtíðinni“ segir Helgi.

Framkvæmdirnar verða fjármagnaðar með útbóði sérstakra skuldabréfa sem líklegast verða tilsníðin þátttöku lífeyris-

sjóða og annarra fagfjárfesta. „Þetta er líka jákvæð innspýting inn í íslenskt efnahagslíf enda ljóst að mikil þörf er á fjárfestingu sem nú er í sögulegu lágmarki,“ segir Helgi að lokum.



Mælaborð iðnaðarins


Samtök iðnaðarins munu í upphafi árs kynna nýja þjónustu á vef Samtakanna sem kallast mælaborð iðnaðarins. Þar verða margvíslegar hagtölur, er lýsa stöðu iðnaðarins gerðar aðgengilegar með nýstárlegum hætti og byggja á sjálfvirkri uppfærslu gagna.

Starfsskilyrði iðnaðarins og mælaborð iðnaðarins eru arftakar Hagtalna iðnaðarins sem gefnar voru út ásamt almanaki einu sinni á ári í tæp 40 ár. Markmiðið er hið sama og áður sem er að kynna stöðu og starfsskilyrði iðnaðarins í samfélaginu og auka eins og kostur er þekkingu og skilning á þýðingu og vægi iðnaðarins í heild sinni frá ólíkum sjónarhólum.



Nýsköpun á aðventunni

Matvælafyrirtæki
kynna íslenskt góðgæti



Íslenskir matvælaframleiðendur tóku höndum saman í tilefni af Ári nýsköpunar helgina 4. og 5. desember og kynntu fyrir landsmönnum íslenska matvælaframleiðslu. Fjöldi fólks lagði leið sína í opin hús og Smáralind og kynntu sér framleiðslu og starfsemi fyrirtækjanna.

Ölgerðin var með opið hús þar sem gestum var boðið að skoða verksmiðjuna, bragða á nýjum drykkjum og blanda sína eigin sem mæltist sérstaklega vel fyrir hjá yngstu kynslóðinni. Hjá Jóa Fel var lífandi tónlist og gestum boðið að skoða bakaríð. Gæðabakstur/Ömmubakstur bauð upp á veitingar, blöðrur og kynnisferð um fyrirtækið þar sem m.a. var hægt að fylgjast með kleinuframleiðslu. Í Vetrargarðinum í Smáralind var kynning á jólamat og drykk, kjötiðnaðarmeistarar úrbeinuðu hangikjöt sem þeir afhentu síðan mæðrastyrksnefnd til úthlutunar. Í kaffibrennslum Kaffitárs og Te og kaffi var boðið upp á skoðunarferðir, kaffismakk og fræðslu og í mörgum bakaríum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni var tekið á móti gestum með kaffi og jólabakkelsi.







ISS þjónustar starfsfólk Landspítala Háskólasjúkrahúss

Veitingasvið ISS tók við rekstri matsölu starfsmanna LSH þann 1. október. Þar eru afgreiddar um 22.000 máltíðir á mánuði í 10 stofnunum. ISS mun leggja áherslu á að þróa og endurbæta þjónustuna í samstarfi við starfsfólk LSH en einnig er fyrirhugað að auðvelda aðstandendum aðgang að matsölum sem er liður í bættri þjónustu hjá LSH.

Á Íslandi starfa yfir 700 manns hjá ISS. Þjónusta ISS er afar fjölbreytt og skiptist í fjögur megin svið: ræstingar, veitingasvið, fasteignausýslu og stoðþjónusta.

Á veitingasviði ISS starfa um 30 manns. Starfsemin er í Reykjavík, á Austurlandi og á Grundartanga.



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, var kjörinn formaður Samtaka upplýsingatækni fyrirtækja - SUT - á aðalfundi 2. desember.

Hilmar Veigar var sitjandi formaður en hann tók við formennsku í febrúar af þáverandi formanni, Þórólfi Árnasyni.

Nýr stjórnarmaður, Jón Kristjánsson, var kjörinn til tveggja ára og Daði Friðriksson og Sigrún Eva Ármannsdóttir endurkjörin til tveggja ára. Jón Ingi Björnsson var kjörinn til eins árs. Fyrir sitja í stjórninni Stefán Jóhannesson og Guðmar Guðmundsson, en þeir voru kjörin til tveggja ára. SUT eru starfrækt undir Samtökum iðnaðarins en innan þeirra eru á sjötta tug fyrirtækja í upplýsingatækni iðnaði með á annað þúsund starfsmenn.



Gullkúnt Helgu hlaut Njarðarskjöldinn, hvatningarverðlaun ferðamannaverslana í Reykjavík, sem Reykjavíkurborg og samstarfsaðilar standa að árlega. Verðlaunin afhenti Jón Gnarr borgarstjóri á opnum íbúafundi í Ráðhúsinu. Helga Jónsdóttir tók við verðlauninum en Gullkúnt Helgu þykir hafa skarað fram úr á árinu meðal ferðamannaverslana í miðbænum.

Helga, Sveinn Guðnason og aðrir gullsmiðir í versluninni hafa nýtt hraun og íslenska steina í miklum mæli og þannig lagt grunninn að vinsældum þess konar skarts meðal erlendra ferðamanna.



Fjármálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi sem heimilar ársframlengingu á endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað til ársloka 2011. Samtök iðnaðarins hafa hvatt ráðuneytið til framlengja heimildina sem skilað hefur auknum umsvifum á byggingamarkaði.

Heimildin nær til byggjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, auk húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

„Endurgreiðslurnar hafa verið mikil lyftistöng fyrir byggingamarkaðinn og fjölmargir aðilar sem hafa nýtt sér þessar tímabundnu endurgreiðslur. Það er fagnaðarefni að fjármálaráðherra skuli hafa mælt fyrir frumvarpi sem framlengir áttíu áttíu um eitt ár. Það hefur ekki bara skilað sér í auknum umsvifum á byggingamarkaði heldur spornar það líka gegn svartri atvinnustarfsemi.“

Segir Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins. Í könnun Capacent þar sem árangur verkefnisins Allir vinna var mældur kemur berlega í ljós að áttíu áttíu hefur mælst vel fyrir. Skilaboðin náðu eyrum almennings og leiddu til aukinna framkvæmda. Sjá nánar á www.allirvinna.is.



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.



- » NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- » NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR
- » TÖLVUNÁMSKEIÐ
- » TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- » HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- » BÍLGREINASVIÐ
- » BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- » MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- » MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- » PRENTTÆKNISVIÐ



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is

Hlaut norræna umhverfismerkið

Prentsmiðjan Svansprent ehf. í Kópavogi hlaut nýlega hið virta norræna umhverfismerki Svaninn sem er þekktasta umhverfisviðurkenning Norðurlandanna. Eigendur og starfsfólk Svansprent hafa um nokkurt skeið unnið skipulega að því að gera alla framleiðslu prentsmiðjunnar vistvæna sem leiddi til þess að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti Svansprenti Svaninn sem staðfestingu vottunarinnar við háttíðlega athöfn í prentsmiðjunni.

Eigendur og stofnendur Svansprents eru hjónin Jón Svan Sigurðsson og Þuríður Ólafsdóttir en prentsmiðjan hóf starfsemi árið 1967. Nú vinna þrjár kynslóðir fjölskyldunnar hjá Svansprenti en alls starfa þar um 30 manns og margir með áratuga starfsreynslu.

Framvegis getur prentsmiðjan notað Svansmerkið á prentgripi og aðrar prentvörur til að undirstrika að prentsmiðjan fylgi afar ströngum vistvænum gæðakröfum. „Svansprent er stolt af því að leggja lóð sín á vogarskálarnar í um-



Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra með eigendum og stofnendum Svansprents, Jóni Svan og Þuríði ásamt afkomendum

hverfismálum,” segir Sverrir Brynjólfsson, prentsmiðjustjóri. Svanurinn vottar að umhverfisáhrif framleiðslunnar séu í lágmarki og krefst þess að ströngum gæðakröfum sé fylgt á öllum framleiðslustigum. Meðal krafna Svansins eru að

minnst 95% allra efna sem notuð eru í framleiðslunni séu samþykkt af Svaninum, afskurður sé lágmarkaður og að pappír sé úr nytjaskógum og framleiddur samkvæmt ströngum kröfum Svansins.

Bætist í hóp vottaðra fyrirtækja



Akur: Teitur Stefánsson framkvæmdarstjóri, Stefán Örylgsson, yfirverkstjóri og Halldór Stefánsson verkefnastjóri

Þrjú fyrirtæki bættust í hóp vottaðra fyrirtækja innan SI í haust. GT tækni og Trésmiðjan Akur hafa hlotið B vottun Samtaka iðnaðarins. Þrjú fyrirtæki hafa þá hlotið B vottun en Launafli fékk vottunina síðastliðið sumar. B vottun staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi, verkfundum, ítarlegum starfslýsingum, góðri skipulags- og eftirlitsáætlun, ásamt mikilli sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Með vottuninni eru uppfylltar að öllu leyti kröfur opinberra verkkaupa um gæðatryggingu í útboðum til verklegra framkvæmda.

Þá hlaut Blikksmiðja Guðmundar D vottun og hefur þar með sýnt fram á að verklag, sem byggist á grundvallaratriðum góðrar stjórnunar, viðgangist í daglegum rekstri fyrirtækisins.



GT tækni: Bolli Árnason, framkvæmdastjóri og Ferdinand Hansen gæðastjóri SI



Blikksmiðja Guðmundar: Sævar Jónsson og Ferdinand Hansen

Veljum íslenskt
– okkar hagur!

